

Ed. **248. Tillaga til þingsályktunar** [116. mál]
um stýrjöldina í Vietnam.

Flm.: Karl Guðjónsson, Björn Fr. Björnsson, Einar Ágústsson, Hjalti Haraldsson.

Deildin ályktar að lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að deiluefni stýrjaldaraðila í Vietnam verði einungis leyst með friðsamlegum hætti.

Stór hætta er á því, að stýrjöld þessi geti hvenær sem er breiðzt út og orðið upphaf nýrrar heimsstýrjaldar, auk þess sem áframhaldandi stýrjaldarrekstur eykur sífellt á langvarandi hörmungar vietnömsku þjóðarinnar.

Deildin telur, að vopnahlésviðræðum og síðar friðarsamningum verði nú helzt fram komið með því:

1. að ríkisstjórn Bandaríkjanna stöðvi þegar loftárásir á Norður-Vietnam,
2. að Þjóðfrelshreyfingin í Suður-Vietnam verði viðurkennd sjálfstæður aðili við sammingsgerðir,
3. að stjórn Norður-Vietnams og Þjóðfrelshreyfingin í Suður-Vietnam sýni ótvíræðan vilja af sinni hálfu, þegar loftárásur linnir, að ganga til samninga og draga svo úr hernaðaraðgerðum, að leiða megi til vopnahlés.

Felur deildin ríkisstjórninni að framfylgja þessari ályktun á alþjóðavettvangi.

Greinargerð.

Það skal tekið fram, að tillaga þessi er í meginatriðum sniðin eftir ályktun hollenzka þingsins frá 25. ágúst 1967.

Þó að flutningsmenn þessarar tillögu kunni að hafa að einhverju leyti ólíkar skoðanir á ýmsum einstökum atriðum í sambandi við styrjöldina í Vietnam, er það samhljóða álit þeirra, að heimsfriðnum stafi hætta af áframhaldandi hernaðaraðgerðum þar, jafnframt því sem vietnamska þjóðin verður að þola meiri ógnir og stríðshörmungar en dæmi er til í sögu síðari tíma.

Sumir virðast telja, að Íslendingar hafi litla sem enga ástæðu til þess að láta sig varða atvik og viðburði í fjarlægum heimshlutum, enda sé áhrifamáttur okkar á alþjóðavettvangi nánast enginn. Þessi skoðun er þó býsna hæpin og oft beinlínis röng. Hún er m. a. röng að því er varðar styrjöldina í Vietnam. Þar er um að ræða lengra styrjaldarástand og ægilegra en við höfum lengi haft spurnir af. Heil þjóð — öll alþýða manna, saklaus börn og varnarlausar konur, jafnt sem hermenn — hefur búið við hörmungar stanzlausrar styrjaldar í rúman aldarfjórðung. Tæplega getur það heldur dulizt, að styrjöldin í Vietnam er nátengd baráttu stórveldanna um áhrif, ítök og yfirráð í heiminum. Einmitt þess vegna er yfirvofandi hætta á útbreiðslu styrjaldarinnar, og það varðar hvern ábyrgan mann, hvar í heiminum sem er, og hverja þjóð, hversu fámenn sem hún er og fjarlæg aðalviðburðunum, þegar styrjaldarhætta grúfir yfir mannkyni öllu.

Um það atriði, að við Íslendingar séum tiltakanlega áhrifalitlir á alþjóðavettvangi, skal því einu til svarað, að áhrif okkar þar þurfa alls ekki að vera minni en gerist og gengur um smáþjóðir. Við eigum m. a. aðild að Sameinuðu þjóðunum og njótum þar að öllu sama réttar og obbinn af öðrum aðildarþjóðum. Vera má, að hver einstök smáþjóð sé áhrifalítill út af fyrir sig, þegar um stóratök er að ræða og deilur milli stórvelda, en með samstöðu og einingu geta smáþjóðir orðið áhrifaafll, sem um munar. Íslendingar eiga að fylgjast vel með því, sem er að gerast í heimsmálum, kynna sér málavöxtu sem bezt má verða og haga afstöðu sinni og skoðunum í samræmi við það. Einkum er það skylda Alþingis og alþingismanna að láta slík mál til sín taka. Umræðum um utanríkismál þyrfti að sinna miklum mun meira á Alþingi en nú er gert og fara þar að dæmi þjóðþinga í nágrannalöndum.

Með tillögu þeirri, sem hér er fram borin, gefst Alþingi tækifæri til þess að lýsa hug sínum varðandi það málefni, sem nú er mest rætt í heimsfréttum og tæpast lætur ósnortinn neinn þann, sem því kynnist.

Í tillögunni er gengið til móts við það sjónarmið, sem áreiðanlega á vaxandi fylgi að fagna meðal stjórnmalamanna og ríkisstjórna í fjölmörgum löndum heims, að deiluefni í Vietnam verði aldrei leyst með beitingu vopnavalds, heldur beri að leysa það með friðsamlegum hætti. Í því sambandi er megináherzla lögð á nauðsyn þess, að Bandaríkjamenn hætti að gera loftárásir á Norður-Vietnam sem fyrsta skref til vopnahlés og friðarsamninga. Mörg af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna hafa skorað á Bandaríkjamenn að hætta loftárásunum á Norður-Vietnam, sem hófust fyrst fyrir um það bil þremur árum, eða í sama

mund og hin svonefnda „stigmögnun“ (escalation) styrjaldarrekstrarins byrjaði fyrir alvöru. Meðal þeirra ríkja, sem haft hafa uppi slíka áskorun, eru Norðurlönd öll, að Íslandi undanteknu, Holland, Frakkland og Kanada, auk fjölmargra annarra. Ýmsir heimskunnir og áhrifamiklir menn í hópi bandarískra stjórnálmálmanna hafa ekki einungis lagt því lið, að loftárásu á Norður-Vietnam linni, heldur hafa þeir gagnrýnt harðlega mikilvæg atriði í sambandi við bandaríska íhlutun í Vietnam og þá þróun, sem orðið hefur í þeim efnum. Fer því mjög fjarri, að bandaríska þjóðin sé einhuga um ráðandi stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Meðal þeirra, sem lagt hafa til að stöðva loftárásir og hefja samninga-umleitunir með sem fæstum fyrirframgefnum skilyrðum, eru öldungadeildarþingmennirnir Robert Kennedy, J. William Fulbright (formaður utanríkismálmánefndar öldungadeildarinnar) og Eugene McCarthy, sem hyggst bjóða sig fram sem forsetaefni demókrata gegn Johnson forseta. Einnig mætti nefna Jacob Javits, öldungadeildarþingmann repúblikana frá New York, Romney, ríkisstjóra í Michigan, frambjóðanda í prófkosningum um forsetaefni Repúblikanaflokksins, og fjölmarga fleiri minna þekkta menn, sem gagnrýnt hafa ýmis atriði í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum Vietnam. Meðal bandarískra háskóla- og menntamanna gætir einnig mikillar gagnrýni á stefnu Bandaríkjanna í Vietnam, ekki sízt að því er varðar loftárásirnar og aðra útpenslu og aukningu styrjaldaraðgerða á undanförunum árum.

Flutningsmenn gera sér ljóst, að stöðvun loftárásanna af hálfu Bandaríkjanna kemur ekki að haldi, nema á móti komi ótvíræður vilji Norður-Vietnamstjórnar og Þjóðfrelshreyfingarinnar í Suður-Vietnam („Viet-cong“) til þess að ganga til samninga án fyrir fram yfirlýstra úrslitaskilyrða, enda þótt markmiðið hljóti að sjálfsgöðu að vera það að tryggja Vietnömum óskoraðan sjálfsákvörðunarrétt í landi sínu. Hvað sem hverjum kann að sýnast um réttmæti eins málstaðar öðrum fremur, þá er þetta mál þannig vaxið nú, að samningaviðræður geta aldrei hafizt, ef andrúmsloftinu er spillt með gifurýrðum á báða bóga. Öll meðalganga þriðja aðila og sáttaviðleitni af hálfu utanaðkomandi aflar verður í fyrstu að beinast að því að fá deiluaðila að samningaborði án stórrýtra fyrir fram skilyrða.